

## FUNDAGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

**132. fundur** Landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 9. apríl 2015 kl. 11:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

### Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Sigurvaldason, Matthildur Hjálmarsdóttir. Þórarinn Óli Rafnsson

### Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

### Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Formaður setti fund.

### Dagskrá:

1. Úthlutun fjármagns til viðhalds heiðagirðinga.
2. Tímagjald vegna vinnu við heiðagirðingar
3. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. Landbúnaðarráð leggur til að kr. 2.500.000 sem eru til ráðstöfunar á árinu 2015 til viðhalds og endurnýjunar heiðagirðinga verði skipt með eftirfarandi hætti:

a) Í Hrutafirði	kr. 625.000-
b) Í Miðfirði	kr. 862.500-
c) Í Víðidal	kr. 1.012.500-
2. Landbúnaðarráð leggur til að taxti fyrir vinnu við heiðagirðingar á árinu 2015, verktakagreiðsla verði kr 2.350 á klst. Taxti fyrir fjórhjól verði kr. 2.500 á klst og taxti fyrir sexhjól kr. 2.800 á klst. Ofan á ofangreinda taxa leggst 24% virðisaukaskattur. Akstur verði greiddur samkvæmt taxa ríkisins
3. Önnur mál.
  - a) Matthildur fór yfir og gerði athugasemdir við reglur um dagsetningu á réttum í fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra. Landbúnaðarráð leggur til að fjallskilasamþykktin verði tekin til endurskoðunar. Formönnum fjallskiladeildar Hrutafirðinga að austan og fjallskiladeildar Miðfirðinga falið að koma með tillögur að breytingu á samþykktinni varðandi dagsetningu réttanna. Formönnum fjallskiladeilda falið að fara yfir samþykktina í heild sinni og koma með athugasemdir ef þurfa þykir.
  - b) Lagt fram til kynningar tölvubréf frá formanni fjallskiladeildar Vatnsnesinga um samskipti deildarinnar við MAST varðandi bætur fyrir skilarétt sem staðsett er að Neðra-Vatnshorni, en þar kemur fram að MAST neitar að bæta réttina.
  - c) Rætt var um jarðstrengi og bótaskyldu landeigenda ef strengir slitna.
  - d) Stefnt er að því að fara í vettvangsferð til að skoða styrkvegina í júní.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 3. júní nk. kl. 13:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.12:11

---

Jóhann Ragnarsson

---

Sigtryggur Sigurvaldason

---

Sigríður Ólafsdóttir

---

Þórarinn Óli Rafnsson

---

Matthildur Hjálmarsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir